


SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA



Ársskýrsla

2024



EFNISYFIRLIT

Starfsfólk SSNV	2
Stjórn SSNV 2024-2026	3
Skýrsla stjórnar fyrir árið 2024	4
Sóknaráætlun Norðurlands vestra	7
Sértæk verkefni Sóknaráætlunarsvæða – C1	10
Atvinnuþróun	11
Samstarf á vettvangi Ferðapjónustunnar	14
Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra	17
Nýsköpun	21
Umhverfismál	24
Erlend samstarfsverkefni	26
Byggðagleraugin	28
Framúrskarandi verkefni	30
Starfsdagur SSNV og SSV	32
Sumarfundur Ríkisstjórnar á Norðurlandi vestra	33
Að koma Norðurlandi vestra og SSNV á kortið	34
Ráðstefnur og viðburðir	35

STARFSFÓLK SSNV 2024



Katrín M. Guðjónsdóttir
Frankvæmdastjóri



Guðlaugur Skúlason
Verkefnastjóri



Davíð Jóhannsson
Verkefnastjóri



Magnús Barðdal
Verkefnastjóri



Matthías Rúnarson
Skrifstofu- og bókhaldsstörf



Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir
Verkefnastjóri



Sveinbjörg Rut Pétursdóttir
Verkefnastjóri



Berglind Björnsdóttir
Verkefnastjóri



Brynja Sif Harðardóttir
Fjölmiðla- og markaðsfulltrúi

Ársskýrsla 2024



Stjórn SSNV 2024-2026



Kjörin til tveggja ára á ársþingi SSNV þann 11. apríl 2024.

Einar E. Einarsson, formaður
Magnús Magnússon, varaformaður
Guðmundur Haukur Jakobsson
Álfhildur Leifsdóttir
Halldór G. Ólafsson

Varastjórn:

Elín Aradóttir
Erla María Lárusdóttir
Þorleifur Karl Eggertsson
Sólborg S. Borgarsdóttir
Jóhanna Ey Harðardóttir

Skýrsla stjórnar árið 2024



Þingeyrarkirkja, Húnabyggð.

Að baki er skemmtilegt ár þar sem við höfum unnið að fjölmörgum áhugaverðum verkefnum í okkar landshluta. Á þessu ári samþykktum við nýja sóknaráætlun sem markar í raun nýtt upphaf og leggur grunninn fyrir komandi fimm ár.

Markmiðið er að efla og styrkja landshlutann okkar, sem býr yfir fallegri náttúru, víðáttu og kyrrð. Í þessari víðáttu leynast mikil tækifæri, þar sem stór landsvæði eru hentug til ræktunar og dýrmætur mannaauður.

Helstu atvinnugreinar okkar eru landbúnaður og vinnsla landbúnaðarafurða og á þeim grunni byggjum við áframhaldandi þróun okkar. Sjávarútvegur er einnig sterkur þáttur ásamt iðnaði og fjölda opinberra starfa. Með sameiginlegu átaki og með því að horfa áfram saman fram veginn, getum við unnið saman að því að landshlutinn okkar vaxi, dafni og byggi á sínum styrkleikum.

Við erum stolt af sterkri liðsheild sem starfar innan samtakanna, þar sem starfsfólk okkar vinnur af krafti að fjölbreyttum verkefnum. Starf þeirra er sýnilegt víðsvegar, sem sést ekki síst á aukinni aðsókn í atvinnuráðgjöf og styrki.

Þessi mælanlegi árangur sýnir hversu mikilvæg og áhrifarík störf samtakanna eru fyrir samfélagið og styrkja þannig framtíðarmöguleika okkar á svæðinu. Við stefnum ótrauð að því að halda áfram að því að efla og styðja við samfélagið á Norðurlandi vestra.

Sóknaráætlun

Á árinu var unnin ný Sóknaráætlun, sem mun verða okkar stefnuskjal til næstu fimm ára. Við vinnslu hennar gafst tækifæri til að rýna vel í verkefnin og málaflokkana, meta árangur og forgangsraða með hliðsjón af þörfum samfélagsins. Einnig var haft viðtækt samráð við íbúa landshlutans og tekur Sóknaráætlunin því mið af þeirra sjónarmiðum og áherslum. Vönduð og vel unnin Sóknaráætlun er öflugt stjórnþæki fyrir okkur sem landshluta og íbúa til að sækja fram og tryggja framgöngu þeirra verkefna sem hafa mest áhrif á blómlega byggð.

Eins og við þekkjum tekur Sóknaráætlun mið af meginmarkmiðum byggðaáætlunar, landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og annarri opinberri stefnumótun. Fjármunirnir nýtast best hjá þeim sem þekkja aðstæður og hafa innsýn í nærumhverfið, og með vandaðri Sóknaráætlun skapast tækifæri til að efla lífsgæði og samkeppnishæfni landshlutans.

Áhersluverkefni SSNV 2024 voru 11 talsins. Verkefnin voru flest framhaldsverkefni fyrri ára og eru nánar kynnt síðar í ársskýrslunni.



Umhverfismál

Umhverfismál hafa fengið umtalsverða athygli á undanförunum misserum samhliða aukinni umræðu og umhverfisvitund. Loftslagsmál hafa verið afar áberandi en til umhverfismála teljast ótal margir aðrir þættir sem skipta máli, sérstaklega í nærumhverfi okkar. Eitt að megin markmiðunum er að Norðurland vestra verði til fyrirmyndar í umhverfismálum og íbúar, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög vinni markvisst að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og hvetji til aukinnar sjálfbærni og endurvinnslu.

Nýsköpun

Frumkvöðlastarf skiptir okkur miklu máli og með því að styðja við og efla sprotafyrirtæki höfum við byggt á sérstöðu svæðisins. Þessi vinna hefur meðal annars leitt til aukinnar matvælaþróunar og fullvinnslu afurða. Við leggjum áherslu á fræðslu fyrir frumkvöðla og veitum stuðning, t.d. við umsóknir um styrki. SSNV er áfram hluti af Norðanátt, öflugur nýsköpunarafli á Norðurlandi sem vinnur að auknum fjárfestingum og skapandi umhverfi fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Sérstök áhersla var lögð á matvæli, fullvinnslu afurða og ferðaþjónustu í hringrás 2024. Meðal verkefna Norðanáttar eru Startup Stormur, sjö vikna viðskiptahraðall fyrir norðlenska sprota og fjárfestahátíðin á Siglufirði, sem tengir nýsköpun við fjármögnun.



Samstarf og sérstaða

Öll viljum við auka meðvitund um atvinnulíf á okkar svæði og styðja við framþróun í núverandi lykilatvinnugreinum. Við stefnum að því að fjölga störfum sem krefjast aukinnar menntunar og laða stofnanir og fyrirtæki til svæðisins. Til að ná því marki þurfum við að standa saman sem heild og vera samstillt um forgangsröðun og þróun.

Stjórn vill að lokum þakka starfsfólki samtakanna fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf á starfsárinu. Hjá SSNV starfar metnaðarfullt teymi sem vinnur af ástríðu fyrir samfélagið, fyrirtæki og fólk á svæðinu.

Sóknaráætlun Norðurlands vestra

Árið 2024 var síðasta árið af fimm ára samningi um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024. Framkvæmd samningsins gekk vel.

Skipting sóknaráætlunar

Sóknaráætluninni er skipt í þrennt:

- a) Sóknaráætlun landshlutans,
- b) Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra og
- c) Áhersluverkefni.

Fjármagn

Fjármagn frá ríkinu til samningsins árið 2024 var alls 104.888.742 kr. Við bætist framlag sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 7.419.000 kr. Auk þessa voru viðaukasamningar að upphæð 30.250.000 kr. Aðrar tekjur námu 13.912.983 kr. Alls voru þetta 156.470.725 kr.

Skipting fjárins var sem hér segir:

- a) Uppbyggingarsjóður 79.185.361 kr., sem skiptist á milli menningarmála og atvinnuþróunar/nýsköpunar,
- b) áhersluverkefni 31.629.133 kr.,
- c) viðaukasamningar 30.250.000 kr.,
- d) umsýsla 12.000.000 kr.
- e) óráðstafað 3.406.231 kr.



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA

Áherslu- verkefni 2024

Áhersluverkefni eru verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans. Verkefni geta til dæmis verið ráðgjafar- og átaksverkefni á sviði nýsköpunar, menningar og markaðsmála. Áhersluverkefnin skulu samþykkt af stjórn SSNV og þurfa staðfestingu stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál. Áhersluverkefni árið 2024 sem samþykkt voru af Stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál 4. mars 2024 eru 11 talsins. Af þeim eru 10 framhaldsverkefni áhersluverkefna síðustu ára og eitt nýtt verkefni.

Framlag úr Sóknaráætlun

Framhaldsverkefni

- Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra
- Matvælasvæðið Norðurland vestra
- Aukin nýsköpun í kennslu – FabLab
- Ungt fólk á Norðurlandi vestra
- Skrifstofusetur
- Stuðningsátak í ferðapjónustu
- Landshluti í forystu í loftlagsmálum og heimsmarkmiðum
- Stuðningur við nýsköpun
- Erlend samstarfsverkefni
- Texíl Lab á Blönduósi

Ný verkefni

- Skíðasvæði Norðurlands vestra

Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra

Í starfsreglum úthlutunarnefndar segir svo í 1. lið: „7. Nefndin skal árlega skila greinargerð til ársþings SSNV um starf sitt.“ Störfum úthlutunarnefndar lýkur að öllu jöfnu fyrir jól fyrir úthlutun komandi árs. Hér á eftir fylgir stutt yfirlit fyrir úthlutun úr Uppbyggingarsjóði 2025, sem lauk í desember 2024.

Úthlutunarnefnd vegna úthlutunar 2025:

Á 6. haustþingi SSNV þann 21. október, 2022 var ný úthlutunarnefnd kjörin til tveggja ára: Ragnhildur Haraldsdóttir, formaður, Hildur Þóra Magnúsdóttir, formaður fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar, og Elín Lilja Gunnarsdóttir, formaður fagráðs menningar. Úthlutunarnefndin sinnti úthlutun úr Uppbyggingarsjóði 2025.

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar vegna úthlutunar 2025:

Hildur Þóra Magnúsdóttir, formaður, Jón Örn Stefánsson, Gunnsteinn Björnsson, Gunnar Tryggvi Halldórsson og Raket Runólfsdóttir.

Fagráð menningar vegna úthlutunar 2025:

Elín Lilja Gunnarsdóttir, formaður, Elínborg Erla Ásgeirsdóttir, Steinunn Gunnsteinsdóttir, Grímur Rúnar Lárusson og Jón Ólafur Sigurjónsson.

Úthlutun styrkja fyrir árið 2025

Á fundi stjórnar SSNV þann 3. september 2024 voru samþykktar verklags- og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2025. Því næst var auglýst eftir umsóknum um styrki með umsóknarfresti til 1. nóvember 2024.

Alls bárust 130 umsóknir þar sem óskað var eftir um 242 milljónum í styrki en til úthlutunar voru rúmar 60 milljónir. Úthlutunarnefnd vísaði öllum umsóknunum til umfjöllunar í fagráðin sem lögðu svo tillögur sínar fyrir úthlutunarnefnd. Á fundi úthlutunarnefndar þann 4. desember 2024 ákvað nefndin að úthluta 60 milljónum króna í 63 verkefni. Allir umsækjendur fengu svör við styrkbeiðnum sínum 5. desember 2024. Hér má nálgast greinargerð um verkefnin sem hlutu brautargengi.

Sértæk verkefni

Sóknaráætlunarsvæða – C1

Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra, úthlutaði styrkjum að upphæð 130 milljónum króna til tíu verkefna á vegum sjö landshlutasamtaka sveitarfélaga. Styrkjunum er ætlað að efla byggðir landsins og er úthlutað til sértækra verkefna á sóknaráætlanasvæðum í samræmi við stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036.

SSNV sendi inn sex umsóknir fyrir hönd sveitarfélaga á Norðurland vestra og hlutu þrjú þeirra verkefna styrkveitingu fyrir samtals 40.500.000 kr.

Hjartað í Húnaþingi vestra – tæknismiðja til að hvetja til nýsköpunar og auka fjölbreytni í atvinnulífi. Uppsetning tæknimiðstöðvar í anda FabLab smiðja í samfélagsmiðstöð í félagsheimilinu á Hvammstanga. Koma á upp aðstöðu til nýsköpunar, viðgerða og þróunar fyrir íbúa, sem og aðstöðu fyrir félagsstarf. Fyrirmynd sótt til Finnlands og Borgundarhólms. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hljóta styrk að upphæð kr. 10.500.000.

Samvinnurými. Skapa á samvinnurými á Skagaströnd með því að standsetja og markaðssetja húsnæði í eigu sveitarfélagsins, skapa forsendur fyrir léttan iðnað í hluta hússins og aðstöðu fyrir frumkvöðla og minni fyrirtæki í öðrum hluta þess. Húsið var áður fiskvinnsluhús. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hljóta styrk að upphæð kr. 15.000.000.

Tilraunagróðurhús. Nýta á glatvarma frá gagnaveri Borealis á Blönduósi, reisa tilraunagróðurhús og veita frumkvöðlum aðgengi til að prófa og þróa vöru og gera svæðið þannig eftirsóknarvert fyrir matarfrumkvöðla. Orka einnig tryggð með sólarrafhlöðum. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hljóta styrk að upphæð kr. 15.000.000.

Markmiðið með framlögum er að tengja sóknaráætlanir landshluta við byggðaáætlun.

Atvinnuþróun

SSNV er ætlað að vera leiðandi í uppbyggingu atvinnuþróunar á Norðurlandi vestra með það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum, auka fjölbreytileika þeirra starfa sem eru í boði, skapa hagstæð skilyrði fyrir ný verkefni og efla hagvöxt. Störf atvinnuráðgjafa miða meðal annars að því að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki á svæðinu við þróun viðskiptahugmynda og markaðs- og rekstrarráðgjöf. Töluverður hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa fer í ráðgjöf og aðstoð við gerð áætlana og umsókna til hvers kyns sjóða og lánastofnana. Þá hefur eftirspurn aukist eftir aðstoð við rekstrar- og viðskiptaáætlanir, markaðs- og kynningarstarf og yfirlestur og ráðgjöf við umsóknir í hina ýmsu sjóði. Þessi aukning í ráðgjöf við umsóknir í sjóði hefur skilað góðum árangri sem sést í fjölda verkefna á svæðinu sem hljóta brautargengi úr hinum ýmsu sjóðum.

Starfsfólk hefur frumkvæði að verkefnum sem miða að því að laða að fjárfestingar, efla frumkvöðlastarf og styðja lítil og meðalstór fyrirtæki sem ætlað er að örva atvinnustarfsemi og skapa atvinnutækifæri á svæðinu.

Ennfremur getur vinna sem miðar að því að efla nýsköpun, t.d. Norðanátt, og tækniframfarir í stefnumótandi geirum leitt til þess að nýjar atvinnugreinar og klasar koma upp, sem knýja áfram hagvöxt og atvinnusköpun á svæðinu.

Oft á tíðum skarast verkefni tengd atvinnuþróun við verkefni sóknaráætlunar að því leyti að verkefni sóknaráætlunar eru að miklu leyti atvinnuþróun/-ráðgjöf til styrkþega. Starfsfólk SSSNV hefur annast framkvæmd Uppbyggingarsjóðsins, þ.e. eftirfylgni með verkefnum og því til viðbótar fer drjúgur hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa í ráðgjöf og aðstoð við gerð umsókna í sjóðinn og einnig áframhaldandi aðstoð við verkefni að lokinni styrkveitingu. Á árinu 2024 buðu starfsmenn samtakanna upp á rafræna kynningu sem fór fram á Teams. Er þetta þá fimmta árið í röð sem vinnustofan var haldin á netinu. Jafnframt var boðið upp á aðstoð við styrkumsóknagerð.

Laus störf

SSNV hefur frá árinu 2019 auglýst laus störf á svæðinu í gegnum heimasíðu samtakanna. Þá geta sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir sent upplýsingar um störf í boði á starfsmenn SSNV. Starfsmenn SSNV vakta einnig aðrar starfasíður og heimasíður sveitarfélaga og koma þannig upplýsingum um laus störf inn á heimasíðu samtakanna. Auglýsingar um óstaðbundin störf hafa aukist að einhverju leyti og SSNV reynir að tryggja að þær rati allar á starfasíðu samtakanna.

Útibúið

Útibúið, skrifstofusetur SSNV, býður upp á 9 skrifstofurými til útleigu með möguleika á opnu eða lokuðu rými og öll vinnuaðstaða er til fyrirmyndar. Skrifstofusetur stuðla að því að hægt verði að taka við störfum án staðsetningar, bjóða upp á aðstöðu fyrir þá sem vilja flytja störf sín með sér út á land og alla þá sem þurfa á vinnuaðstöðu að halda. Útlendingastofnun hefur verið með eitt rými á leigu fyrir starfskraft á árinu. Sömuleiðis hefur ein skrifstofa verið í útleigu til einstaklings í eigin rekstri.

Fyrirtækjakönnun

SSNV er þátttakandi í fyrirtækjakönnun landshlutanna sem Vífill Karlsson hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi hefur unnið um nokkurra ára skeið. Í henni er leitað eftir viðhorfi fyrirtækja á landsbyggðinni til núverandi stöðu ýmissa málaflokka og framtíðarhorfa. Er það liður í því að bæta þekkingu opinberra aðila og almennings á rekstrarskilyrðum á landsbyggðinni. Niðurstöður könnunarinnar geta nýst til að meta betur rekstrarkosti á landsbyggðinni og veitt kjörnum fulltrúum mikilvægar upplýsingar um framtíðarhorfur á sínu svæði.

Íbúakönnun

Íbúakönnun landshlutanna er samstarfsverkefni landshlutasamtaka á landsbyggðinni og Byggðastofnunar og hefur verið í gangi síðan árið 2004. Hún hefur síðan þá verið framkvæmd á þriggja ára fresti og er ætlunin að halda því áfram til þess að afla gagna um stöðu byggðanna á landinu öllu í þeirri viðleitni að bæta lífs- og búsetuskilyrði héraendis. Hér má nálgast niðurstöður könnunarinnar.

Afmælishátíð Beint frá býli

Beint frá býli dagurinn var haldinn á 7 stöðum á landinu á árinu. Fyrir viðburðunum stóðu Beint frá býli, Landshlutasamtökin og Samtök smáframleiðanda matvæla. Á Norðurlandi vestra var hátíðin haldin í Ketilási í Skagafirði.

Hátíðin gekk mjög vel og reiknað er með að um 500 manns hafi komið á svæðið, fengið afmælistöku og kaffi í boði Beint frá býli og kynnt sér hvað framleiðendur á Norðurlandi vestra hafa upp á að bjóða.

Samstarf á vettvangi ferðapjónustunnar

Samstarfsvettvangur ferðapjónustunnar á Norðurlandi vestra og SSNV, sem settur var á laggirnar árið 2014, hélt áfram með starfi sínu sem "Fagráð ferðapjónustunnar". SSNV leggur til atvinnuráðgjafa með áherslu á ferðamál og starfar hann með Fagráði ferðapjónustunnar sem í sitja fulltrúar ferðamálafélaganna í Húnaþingi vestra, A-Hún. og Skagafirði.

Fagráð ferðapjónustunnar 2024:

Anna Birna Þorsteinsdóttir, f.h. Ferðamálafélags V-Húnavatnssýslu

Rúnar Máni Gunnarsson, f.h. Félags ferðapjónustunnar í Skagafirði til 06/2024,
Tómas Árdal frá 07/2024

Guðjón Ebbs Guðjónsson f.h. Ferðamálafélags Austur-Húnavatnssýslu

Katrín M Guðjónsdóttir, f.h. SSNV

Ráðgjafi á sviði ferðamála

Ráðgjafi á sviði ferðamála hjá SSNV, sem starfar með fagráðinu, er Davíð Jóhannsson. Ráðgjafinn kemur einnig að einstökum samstarfsverkefnum sem spröttin eru á öðrum vettvangi, auk þess sem hann er tengiliður á milli sveitarstjórna, stjórnarsýslunnar og greinarinnar sjálfar.

Samstarfið

Upplegg þessa samstarfs er að:

- a) skapa virkari og öflugri samstarfsvettvang í ferðapjónustu á Norðurlandi vestra,
- b) skjóta sterkari stoðum undir afkomu og rekstur ferðapjónustufyrirtækja á Norðurlandi vestra,
- c) greina og kortleggja ímynd, vöruframboð og stöðu greinarinnar í landshlutanum í því skyni að leggja grunn að áframhaldandi uppbyggingu og vexti ferðapjónustu á Norðurlandi vestra,
- d) styðja við vöruþróun og markaðs- og kynningarstarf ferðapjónustufyrirtækja í því skyni að það verði faglegra og árangursríkara.

Fundir

Á síðustu árum hafa árlega verið haldnir 1-2 samráðsfundir fagraðs með sveitarfélögum um málefni ferðapjónustunnar. Þar eru t.d. málefni Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og verkefna á svæðinu honum tengd eitt helsta umræðuefnið. Slíkur fundur var haldinn 15. maí 2024. Að auki fundaði fagraðið tvisvar sinnum á árinu.

Markaðsstofa Norðurlands - Áfangastaðastofa

Sem fyrr eru sveitarfélögin á starfssvæðinu aðilar að Markaðsstofu Norðurlands í gegnum SSNV og hefur stjórn samtakanna að jafnaði einn fulltrúa í stjórn MN. Því hlutverki sinnti Katrín M. Guðjónsdóttir. Talsverð samskipti eru að jafnaði við Markaðsstofuna, t.d. í formi funda og ýmiss konar upplýsingamiðlunar og er þeim að stórum hluta sinnt af ráðgjafa á sviði ferðamála. Um tuttugu ferðapjónustuaðilar af svæðinu kynntu þjónunstu sína á Mannamótum landshlutanna seinni part janúar. Þessi vettvangur milli ferðapjónustuaðila á landsbyggðinni og söluaðila á höfuðborgarsvæðinu, sem Markaðsstofur landshlutanna standa að, hefur fest sig vel í sessi. Á árinu 2024 var Mannamót í fyrsta sinn hluti af Ferðapjónustuvikunni, þar sem nokkrum viðburðum tengt greininni hefur verið stillt upp í sömu vikunni, til að auðvelda ferðapjónustuaðilum á landsbyggðinni sækja þá í tengslum við Mannamót.

Straumhvörf

Í mars 2023 fékkst styrkur úr C1-sjóði til sértækra verkefna Sóknaráætlunar, sem SSNV sótti um ásamt SSNE og Austurbrú með Markaðsstofu Norðurlands, sem umsjónaraðila. Með verkefninu var ætlunin að skerpa sjónir ferðapjónustufyrirtækja frá Norðurlandi vestra til Austurlands á þá möguleika, sem beint flug frá mikilvægum markaðssvæðum inn á Akureyri getur skapað. Verkefnið innihélt vinnustofur og ráðgjöf, þar sem þessar forsendur voru drifkraftar í vöruþróun fyrirtækjanna og voru ráðgjafar frá KPMG fengnir til að halda utan um þessa vegferð og sinna ákveðinni greiningarvinnu, út frá stöðu svæðanna. Verkefninu var lokið með kynningum fyrir ferðasöluaðilum í Ferðapjónustuvikunni í ársbyrjun 2024 og þar kynnti einn ferðapjónustuaðili af Norðurlandi vestra (1238 – the battle of Iceland) afurðir sínar og hugmyndir í anda Straumhvarfaverkefnisins.

Haustdagur ferðapjónustunnar

Hinn árlegi Haustdagur ferðapjónustunnar var ekki haldinn þetta árið. Nokkrir ferðapjónustutengdir viðburðir, mest tengt stefnumótuninni, röðuðust inn á haustið eftir sögulega aflýsingu vinnustofu í byrjun júní sökum vorhrets. Það þótti mikilvægara að fá góða mætingu á vinnustofurnar, en Ferðapjónustudagurinn mun aftur upp rísa.

Kúrsinn stilltur


Undir vinnuheitinu "Kúrsinn stilltur" var fyrripart árs 2022 lagt upp í vegferð, sem skyldi skila af sér afurð, sem myndi vísa veginn fyrir framtíð ferðapjónustunnar á svæðinu. Hér skyldi horft til þess sem svæðið telur sig standa fyrir og getur boðið upp á, en einnig þeirra þátta sem kann að skorta fyrir frekari framþróun. Skýrslan sem Hjörtur Smárason ráðgjafi hjá Saltworks, kynnti á árinu 2023 hefur verið inntakið í þessari vinnu. Úrvinnsla hélt svo áfram á árinu 2024 en m.a. voru á liðnu sumri heimsóttir vel á fjórða tug ferðapjónustuaðila starfsfólki SSSNV og spjallið tekið hvernig þeir, sem flestallir höfðu kynnt sér efni skýrslunnar, sjá þetta út frá sínum rekstri. Síðsumars og fram á haust voru svo haldnar fjórar vinnustofur á Teams, þar sem Saltworks aðstoðaði þátttakendur við að spegla sína starfsemi við ýmsa möguleika vörubróunar, auk þess sem hlutir voru skoðaðir í stærra samhengi varðandi svæðið allt.

Skýrsluna má finna [hér](#).

Vinnustofurnar spönnuðu eftirtalda þætti:

- ÆVINTÝRAFERÐAMENNSKU/UPPLIFUNARFERÐAMENNSKU
- HESTAFERÐAMENNSKU
- SÖGUFERÐAÞJÓNUSTU
- SAMANTEKT OG VIÐBURÐI

Áfram verður unnið með niðurstöður vinnustofanna og aðgerðarplans að vænta á árinu 2025. Hér er mikilvægt að horfa til annarra verkefna og áætlana, sem uppi eru, og snerta svæðið og þróunina í atvinnugreininni.



Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra

Á árinu var áfram unnið að því að fjárfestingaverkefnum í landshlutanum. Verkefnið er áhersluverkefni og hefur verið í gangi í fimm ár að þessu ári meðtöldu. Það er óhætt að fullyrða að snert hefur verið á fjölmörgum tækifærum á líftíma verkefnisins og gríðarleg þekking skapast varðandi nálgun og aðferðafræði við verkefni sem þetta. Það er langhlaup að skapa ný verkefni og draga ný fyrirtæki inn á svæðið. Eitt er þó víst að vinna sem þessi er nauðsynleg til að auka fjölbreytileika í atvinnulífi á svæðinu.

Þegar horft er yfir verkefni undanfarinna ára sem starfsmenn SSNV hafa komið að þá er listinn langur og ekki unnt að fara yfir þau öll hér. En sem dæmi má nefna verkefni á borð við hótéluppbyggingu, baðlón, fiskeldi, þörungarrækt, hampvinnslu, kornþurrkun, vinnslu tengda blóðmerum, vatnsátöppun, uppsetningu á grænum iðngörðum, þaravinnslu, vetnisframleiðslu, vinnslu á sæeyrum o.fl. Framangreind verkefni hafa því miður ekki náð fram að ganga af ýmsum ástæðum. Helst er að nefna skort á raforku og framboði af heitu vatni á svæðinu.

Fjölmargir aðilar hafa kynnt sér aðstæður á Norðurlandi vestra og litið á svæðið sem ákjósanlegan stað til uppbyggingar en innviðir hafa verið takmarkandi þáttur í mörgum tilfellum. Það hefur gert það að verkum að skoða þurfti verkefni sem ekki krefjast þeirra innviða sem að framan eru nefndir.

Þá fóru fulltrúar SSNV á fjárfestaráðstefnuna MIPIM í Cannes á vegum Íslandsstofu ásamt fulltrúum annarra landshlutasamtaka. Sérstök áhersla var lögð á að finna aðila í ferðaþjónustu og kynna svæðið fyrir hótéluppbyggingu. Í framhaldi af ráðstefnunni voru fjölmargir fundir teknir með aðilum sem sýndu Íslandi áhuga.

Skógarplöntuframleiðsla í

Húnaþingi vestra: Mikil og góð vinna var unnin á árinu í samvinnu við þróunarfélagið Skógarplöntur ehf. Þar eru eigendur KVH og Hafberg Þórisson, eigandi Lambhaga gróðurstöðvar.

Verkefnið gengur út á að reisa nýja gróðurstöð á Laugarbakka í Húnaþingi vestra sem verður sú fullkornasta sinnar tegundar á landinu. Það er mat þeirra sem að verkefninu standa að umframeftirspurn verði á skógarplöntum á komandi árum og er gróðurstöðinni ætlað að svara þeirri eftirspurn.

Verkefnið er á þeim stað að unnið er að fjármögnun og hafa fjölmargir fundir verið teknir með lánveitendum og fjárfestum. Fyrir liggur kostnaðar- og rekstraráætlun og ljóst að verkefnið hentar sérstaklega vel á Norðurlandi vestra.

Vonir standa til að verkefnið nái fram að ganga á komandi mánuðum og skapi ný störf á svæðinu.



Framleiðsla á fullbúnum húsum: Verktakafyrirtækið Verk lausn ehf. á Skagaströnd leitaði aðstoðar hjá SSNV með hugmynd um að byggja fullbúin íbúðarhús innandyra og svara þannig eftirspurn eftir hagkvæmu húsnæði fyrir landsbyggðina. Starfsmenn SSNV hafa unnið náðið með félaginu og komið að flestum þáttum verkefnisins; hönnun, kostnaðargreiningu, mati á heppilegu húsnæði fyrir framleiðsluna og greiningu á markaðnum. Verkefnið hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði SSNV í lok árs sem mun nýtast til markaðssetningar á húsunum o.fl. Gert er ráð fyrir að framleiðsla hefjist um mitt ár 2025. Það er gleðilegt að sjá nýja starfsemi hefjast á Skagaströnd, starfsemi sem mun skapa fjölda starfa á svæðinu.

Hólar – áfangastaður: SSNV tók virkan þátt í vinnu tengdri uppbyggingu á Hólum í Hjaltadal í Skagafirði í samvinnu við hagaðila á svæðinu. Sótt var um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fyrir landsbyggðina sem skilaði fjármagni í verkefnið. Arna Björg Bjarnadóttir var ráðin sem verkefnastjóri og leiddi hún verkefnið í samvinnu við SSNV, Háskólann á Hólum, Kirkjuna, Minjastofnun, Skagafjörð o.fl. aðila sem hagsmuni eiga á svæðinu. Afurðin var skýrsla með samantekt á stöðunni á Hólum, helstu áherslur og framtíðarsýn. Forgangsmál í þeirri vinnu var að skýra eignarhald á staðnum og tryggja uppbyggingu og viðhald á þeim sögufrægu innviðum sem þar er að finna. Forsætisráðherra tók við skýrslunni og skipaði í framhaldi þverpólítíska nefnd sem vann málið áfram. Þeirri vinnu er enn ólokið og standa vonir til að vinnan skili markvissri uppbyggingu á Hólum sem geri staðinn eftirsóknarverðan fyrir íbúa og ferðamenn.



Þekkingargarðar í Skagafirði: Á árinu hlaust styrkur úr Lóu nýsköpunarsjóði fyrir landsbyggðina til að greina tækifæri við að koma á fót háskóla- og þekkingargörðum á Sauðárkóki. Einstakt tækifæri skapast við sameiningu Háskólans á Hólum og Háskóla Íslands og fyrirhugaða uppbyggingu Háskólasamstæðunnar á Sauðárkróki. Í því samhengi stendur til að byggja nýtt lagareldishús sem verður einstakt á landsvísu og tryggir framúrskarandi aðstöðu til kennslu og rannsókna í lagareldi. Þá stendur jafnframt til að reisa nýtt kennsluhúsnæði á Sauðárkróki við Háskólasamstæðuna.

Samhliða uppbyggingu Háskólans er horft til þess að skapa umhverfi þar sem atvinnulífið og skólasamfélagið vinna saman að aukinni nýsköpun með sérstaka áherslu á matvælaframleiðslu.

SSNV hefur verið leiðandi í verkefninu ásamt Háskólanum á Hólum og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Styrkurinn var nýttur til að heimsækja vísindagarða í Svíþjóð þar sem mikill og góður árangur hefur náðst við að efla samfélagið með samvinnu skóla og atvinnulífs. Þá var samið við arkitektana hjá Gagn og Norrön sem hönnuðu tillögur að görðunum.

Næstu misseri fara í að tryggja görðunum lóð og fjármagn til uppbyggingar.

Nýsköpun

Frumkvöðlastarf skiptir okkur miklu máli og með því að styðja við og efla sprotafyrirtæki höfum við byggt á sérstöðu svæðisins. Þessi vinna hefur meðal annars leitt til aukinnar matvælaþróunar og fullvinnslu afurða. Við leggjum áherslu á fræðslu fyrir frumkvöðla og veitum stuðning, t.d. við umsóknir um styrki.

SSNV er áfram hluti af Norðanátt, öflugu nýsköpunarafli á Norðurlandi sem vinnur að auknum fjárfestingum og skapandi umhverfi fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Á árinu var sérstök áhersla lögð á matvæli, fullvinnslu afurða og ferðaþjónustu.

Meðal verkefna Norðanáttar eru Startup Stormur, sjö vikna viðskiptahraðall fyrir norðlenska sprota og fjárfestahátíðin á Siglufirði, sem tengir nýsköpun við fjármögnun.

Í byrjun árs var hafist handa að skipuleggja árið ásamt því að leggja lokahönd á fjárfestahátíð á Siglufirði. Hátíðin var haldin 20. mars þar sem níu teymi tóku þátt, átta íslensk teymi víðsvegar af landinu og eitt frá Færeyjum.

Aurora Abalone, Circula, Foodsmart Nordic, Humble, Circular Library Network, Nanna Lín, Olavsrottir Av Görðum, Surova og Skógarafurðir.

Hátíðin var haldin í þriðja sinn og ljóst að hún hefur fest sig í sessi sem árlegur viðburður frumkvöðla, fjárfesta og hagaðila.



Norðanáttar teymið fór í kynnisferð til Færeyja á fjárfestahátíðina Tonik sem haldin er í Þórshöfn. Ferðin var mjög góð og komu starfsmenn uppfyllir af hugmyndum um hvernig hægt er að bæta fjárfestahátíðina. Eins náðum við að styrkja samband okkar við færeyska nýsköpunarumhverfið sem er um margt líkt nýsköpunarumhverfi á landsbyggðinni á Íslandi.

Í október var árlegur viðskiptahraðall og upphaf nýrrar hringrásar komið af stað. Startup Stormur er orðinn þekktur í nýsköpunarumhverfinu og var góð aðsókn í að komast í viðskiptahraðalinn.

Að þessu sinni valdi valnefnd sex verkefni til að taka þátt í hraðlinum.

Syðra Holt ehf. – Framleiðsla á lífrænt ræktuðum afurðum.

Akur Organic ehf. – Framleiðslufyrirtæki í lífrænni ræktun.

Hret víngerð – Þróun létts og freyðandi ávaxtavíns.

Listakot Dóru – Sögugöngur í myrkri undir orðinu myrkurgæði.

Kayakar – Kayakleiga þar sem hægt er að fara í kayakferðir á eigin vegum.

Skynró ehf. – Hönnun á fatnaði fyrir einstaklinga með skynúrvinnsluvanda.

Hraðallinn gekk vel þar sem teymin fengu aðgang að leiðbeinendum úr atvinnulífinu, ráðgjöf sem hentaði hverju og einu þeirra og handleiðslu við að móta og þróa hugmyndir áfram. Lokaviðburður Startup Storms var haldinn Hofi Akureyri þar sem teymin stigu á svið og kynntu sínar hugmyndir.

Öflugt nýsköpunarumhverfi skipir sköpum fyrir þróun landshlutans okkar. Mikilvægt er að hlúa vel að því, enda er fjölbreytni í atvinnulífi lykill að sjálfbærri framtíð. Hver veit nema ný hugmynd, sem getur gjörbreytt svæðinu, leynist þegar á meðal okkar.

Ungt fólk á Norðurlandi vestra – Ungmennaping SSNV 2024

Miðvikudaginn 11. september stóð SSNV fyrir ungmennapingi í Félagsheimilinu á Blönduósi fyrir ungmenni á aldrinum 13–18 ára á Norðurlandi vestra.

Yfirskrift þingsins var: Okkar framtíð á Norðurlandi vestra. Að þessu sinni var markmið þingsins að skapa rými fyrir raddir og upplifun ungmenna í landshlutanum og heyra þeirra skoðun á því hvað myndi gera Norðurland vestra enn betra. Ungmennunum var þannig gefið tækifæri á að hafa áhrif á mótun nýrrar sóknaráætlunar sem verið var að vinna að.

Þingið var mjög vel heppnað, yfir 40 ungmenni mættu á Blönduós uppfull af hugmyndum um hvernig hægt er að gera Norðurland vestra að enn betri valkosti til að setjast að á. Lára Kristín Skúladóttir og Erlingur Fannar Jónsson leiddu vinnustofuna áfram af sinni alkunnu snilld þar sem farnar voru bæði hefðbundnar og óhefðbundnar leiðir til að ná því besta frá þátttakendum. Ragnheiður Aradóttir og Þorsteinn Bachmann brutu síðan upp daginn með erindum um sjálfstyrkingu, sjálfseflingu, jákvætt hugarfar og hvað afstaða skiptir miklu máli. Að lokum kynntu ungmennin vinnu sína og margt af því sem þar kom fram rataði beint og óbeint inn í sóknaráætlun landshlutans. Þannig tóku þau virkan þátt í því að móta stefnu hans næstu fimm árin.

Ungmennapingin eru mikilvæg til að efla tengsl ungmenna í sveitarfélögunum í landshlutanum og gefa þátttakendum færi á að kynnast í gegnum samvinnu og skemmtilega samveru. Því hefur verið ákveðið að halda áfram að leggja áherslu á vinnu með ungu fólk í landshlutanum, svæðinu öllu til hagsbóta.

Sagan segir okkur að það sé vænlegast til árangurs að byrja á að byggja sterkann grunn og það er einmitt unga fólk okkar sem er grunnurinn að Norð-vesturlandi framtíðarinnar. Það er kraftur í ungmennum í landshlutanum og þau hafa svo sannarlega skoðanir á því hvar taka skal til hendinni.

Takk fyrir okkur; Erlingur & Lára

Umhverfismál

Í stefnu Stjórnarráðsins í málefnum sveitarfélaga 2024-2038, sem samþykkt var á Alþingi 5. desember 2023, er stefnt að markvissari árangri á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Meðal þess sem þar kemur fram er að kortleggja eigi aðgerðir sveitarfélaga á sviði umhverfis- og loftslagsmála í því skyni að skapa grundvöll fyrir markvissari árangur, samtal og samstarf á þessu sviði. Á grundvelli þess yfirlits verði meðal annars mótaðar tillögur um samhæfð vinnubrögð og frekari aðgerðir til að tryggja markvissari árangur við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið, auka viðnámsþol og aðlaga sveitarfélögin að framkomnum og væntanlegum afleiðingum loftslagsbreytinga.

Með þetta í huga var haldið áfram með áhersluverkefnið Landshluti í forystu í loftslagsmálum og heimsmarkmiðum. Meginmarkmið þess verkefnis er að styðja við sveitarfélögin til að mæta kröfum sem gerð eru á þau m.t.t. loftslagsmála og heimsmarkmiða auk þess að efla umhverfisvitund íbúa og auka árangur í takt við sóknaráætlun landshlutans.

Þá var einnig samið við KPMG um gerð Loftslagstefnu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og er hún tilbúin. Áhersluatriði stefnunnar byggjast á markmiðum á sviðum byggðapróunar, hringrásar, kolefnishlutleysis, matvælaframleiðslu og nýsköpunar. Stefnunni fylgir aðgerðaáætlun þar sem áhersla er lögð á aðgerðir tengdar skógrækt, loftslagsvæna matvælaframleiðslu, fræðslu, úrgangsstjórnun, orkuskipti og kolefnishlutleysi rekstrar.

Formleg innleiðing stefnunnar er ekki hafin þó svo nokkur verkefni séu komin í farveg.

Við vinnu og gerð nýrrar Sóknaráætlunar kom fram þörf fyrir áframhaldandi áherslu í umhverfismálum í landshlutanum. Niðurstaðan varð sú að einn fjögurra lykilmálaflokka er Sjálfbær landshluti, þar sem markmið um samdrátt í losun úrgangs og innleiðingu hringrásarhagkerfis verða leiðandi stef.

Vegna mannabreytinga bæði innan SSNV og sveitarfélaganna hefur mikill tími farið í að byggja upp tengslanet þar sem áhersla hefur verið á að festa þá þætti sem snúa að málaflokknum í sessi.

Svæðisáætlun úrgangs á Norðurlandi

Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi var samþykkt í hlutaðeigandi sveitarstjórnnum á tímabilinu 23. maí – 4. október 2023. Áætluninni fylgir ítarleg og tímasett aðgerðaáætlun að 18 verkefnum í sjö mismunandi málaflokkum. Í stuttu máli gerir áætlunin ráð fyrir lágmörkun á myndun úrgangs, að söfnun og flokkun úrgangs á Norðurlandi uppfylli öll skilyrði laga og reglugerða og bestu mögulegu auðlindanýtingu, að innviðir til móttöku, flokkunar, endurvinnslu og annarrar endurnýtingar og förgunar úrgangs séu sem hagkvæmastir og í samræmi við áherslur hringrásarhagkerfisins, að sveitarfélögin á Norðurlandi uppfylli kröfur úrgangslöggjafarinnar hvað varðar gjaldtöku og meðhöndlun úrgangs, að sköpuð verði góð yfirsýn yfir verkaskiptingu í úrgangsmálum og að þau verði til fyrirmyndar á Íslandi varðandi birtingu upplýsinga um úrgangsmál.

Áætlunin tók gildi í október 2023.

Við skipulag flestra verkefnanna er gert ráð fyrir aðkomu, umsjón eða eftirlits starfsfólks SSNV og SSNE.

Vegna mannbreytinga hjá báðum landshlutasamtökum varð ekki af þeirri markvissu framkvæmd og eftirfylgni sem áætlanir stóðu til á árinu 2024.

[Hér](#) er hægt að nálgast áætlunina.



Erlend samstarfsverkefni

Starfsfólk SSNV hefur verið öflugt að sækja styrki í erlenda samstarfssjóði til verkefna og eru nokkur verkefni í gangi. Flest af þessum verkefnum eru fjármögnuð að hluta til í gegnum Norðurslóðaáætlun.

Target Circular - Supporting Sustainable SMEs to Success

Target Circular er samstarfsverkefni írskra, norskra, finnskra og íslenskra aðila sem byggir á nýlegum rannsóknum á því hvernig fyrirtæki geta notað vísindalega nálgun við ákvarðanatöku. Samstarfsaðilar verkefnisins, sem er styrkt af Norðurslóðaáætlun, hafa verið að vinna með litlum og meðalstórum fyrirtækjum að umbreytingu í átt að hringrásarhagkerfi og sjálfbærum starfsháttum með því að hjálpa fyrirtækjum að nota „stefnukortlagningar“ ferli til að taka ákvarðanir um hvernig eigi að innleiða sjálfbærniaðgerðir á áhrifaríkan hátt.

Haustið 2024 var aðferðafræðin prófuð á Norðurlandi vestra með fimm frumkvöðlum með góðum árangri. Aðferðin er ennþá í þróun en með hverri tilraun eru tekin skref í að móta aðferðina svo að hún nýtist sem best. Til stendur að innleiða aðferðafræðina í ráðgjöf til frumkvöðla á svæðinu.

GLOW - Green energy technologies for tourism growth

GLOW 2.0 er samstarfsverkefni finnskra, írskra, norskra, sænskra og íslenskra aðila sem snýst um hvernig megi útvíkka rekstur í litlum og meðalstórum fyrirtækjum með nýtingu myrkurs og myrkurgæða í starfsemi sinni, en stór hluti heimsbyggðarinnar býr orðið við verulega skerta möguleika að njóta þessa sökum ljósmengunar. Fyrstu tilraunaverkefnin hafa verið skilgreind hér á svæðinu og voru þau m.a. kynnt þegar verkefnahópurinn kom saman á Blönduósi fyrri hluta októbermánaðar, en auk verkefnafundar var einnig haldin opin ráðstefna með innlendum og erlendum fyrirlesurum. Auk þess hittist hópurinn fyrri part ársins í Noregi, þar sem m.a. var skoðuð fyrsta útgáfa s.k. stafræns stjörnuvers, (en.: virtual planetarium), sem stefnt er á að geti komið til notkunar í öllum þátttökulöndum.

SUB

SUB hélt áfram á árinu, en þar er fengist við möguleika í sjálfbærri hjólaferðaþjónustu á Norðurslóðum ásamt aðilum frá Finnlandi, Færeyjum, Írlandi og Svíþjóð. Hópurinn hittist tvisvar á árinu í Færeyjum og í Svíþjóð, en 2-3 verkefnafundir eru að auki mánaðarlega í netheimum. Við teljum að Norðurland vestra og fjöldi lítilla og örsmárra fyrirtækja á svæðinu geti þróað áhugaverða vöru fyrir hratt vaxandi grein innan ferðaþjónustunnar. Það er því ánægjulegt að nokkrir aðilar á svæðinu eru í startholunum með að hasla sér völl í hjólaferðaþjónustu. Undir lok árs var auglýst eftir allt að fimm þátttakendum til að fara til einhverra af þremur þáttökulanda (SE, IR, FI) og kynna sér uppbyggingu þar og á nýju ári verða auglýstir litlir styrkir fyrir þá, sem eru að stíga smá kref eða stór á þessum vettvangi.

TOURBIT

Á árinu 2024 lauk TOURBIT verkefninu, en þar hafði SSNV frá árslokum 2021 sinnt sérfræðiaðstoð fyrir Íslenska ferðaklasann skv. verktakasamningi eða í alls 30 mánuði. Verkefnið gekk mjög vel á heildina litið og skilaði dýrmætri reynslu við framkvæmd slíkra verkefna auk þess sem samstarfið við Íslenska ferðaklasann almennt hefur með þessu þróast á mjög jákvæðan hátt.

Byggðagleraugin

Stjórn SSNV veitir ár hvert viðurkenninguna Byggðagleraugin til ráðuneytis eða stofnunar sem þykir hafa skarað fram úr í fjölgun starfa/verkefna í landshlutanum eða með öðrum hætti stuðlað að uppbyggingu hans. Er viðurkenningunni ætlað að hvetja forsvarsmenn stofnana og fyrirtækja til að horfa með „byggðaglerauginum“ á verkefni sinna eininga og nýta þau tækifæri sem gefast til flutnings starfa/verkefna á landsbyggðina í samræmi við áherslur byggðaáætlunar.

Aðilar sem til greina koma skulu;

- vera með starfsstöð í landshlutanum,
- hafa sýnt í verki vilja til að efla starfsstöðvar sínar í landshlutanum,
- eða með öðrum hætti stuðlað að fjölgun starfa í landshlutanum.

Stjórn SSNV velur þann aðila sem viðurkenninguna hlýtur ár hvert og er viðurkenningin afhent á ársþingi samtakanna.

Viðurkenningin var veitt í fyrsta skiptið árið 2021.

Byggðagleraugin 2024 hlaut Háskólinn á Hólum fyrir framsækið og metnaðarfullt starf. Katrín M Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri SSNV afhenti Hólmfríði Sveinsdóttur, rektor háskólans, viðurkenninguna á 32. Ársþingi SSNV þann 11. apríl síðast liðinn.


Námið við háskólann er sértækt að því leyti að það byggir á traustum grunni fyrir mikilvægar framtíðaratvinnugreinar í samfélaginu þar á meðal tengdum íslenska hestinum, ferðaþjónustu í dreifbýli og fiskeldi, en skólinn hefur dregið til sín nemendur víðs vegar að úr heiminum.



Katrín M Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV, og Hólmfríður Sveinsdóttir, rektor Háskólans á Hólum.

Útibúið

Útibúið, skrifstofusetur SSNV, býður upp á 9 skrifstofurými til útleigu með möguleika á opnu eða lokuðu rými og öll vinnuaðstaða er til fyrirmyndar. Skrifstofusetur stuðla að því að hægt verði að taka við störfum án staðsetningar, bjóða upp á aðstöðu fyrir þá sem vilja flytja störf sín með sér út á land og alla þá sem þurfa á vinnuaðstöðu að halda. Útlendingastofnun hefur haft eitt rými á leigu fyrir starfsmann. Sömuleiðis hefur einstaklingur í eigin rekstri haft eina skrifstofu í leigu.



Framúrskarandi verkefni

Árlega er kallað eftir tilnefningum íbúa svæðisins að framúrskarandi verkefnum sem farið hafa fram á Norðurlandi vestra árið áður. Viðurkenningar fyrir framúrskarandi verkefni eru veittar í tveimur flokkum, annars vegar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og hins vegar á sviði menningar.

Á fundi stjórnar var tekin ákvörðun, byggð á tilnefningu íbúa, um hvaða verkefni fengju viðurkenningu árið 2024:

FOODSMART í Húnabyggð - á sviði atvinnu og nýsköpunar

FoodSmart Nordic á Blönduósi hlýtur viðurkenninguna fyrir nýja framleiðsluaðferð Sæbjúgu - Losun þungmálma.

Markmið verkefnisins var að þróa nýja framleiðsluaðferð sem getur fjarlæggt þungmálma úr sjávarafurðum sem stuðlar að fullnýtingu á takmarkaðri auðlind. Aðferðin byggir á því að vinna sjávarafurð niður í vökvaform og síá burt þungmálma og afurðin er duft. Sjávarafurðin sem notuð var í þessu verkefni er sæbjúga, en hægt verður að nota aðferðina til þess að minnka styrk þungmálma í öðrum sjávarafurðum.

FOODSMART
NORDIC



Jólin Heima - á sviði menningarmála



Jóhann Daði Gíslason hlýtur viðurkenninguna fyrir verkefnið Jólin heima.

Jólatónleikarnir Jólin heima eru skagfirskir jólatónleikar sem hafa það að markmiði að færa jólaandann til fólksins í samfélaginu. Á tónleikunum kemur fram tónlistarfólk alls staðar að úr Skagafirði, ungu og efnilegu tónlistarfólki er gefið tækifæri til að koma fram og syngja fyrir fullum sal ásamt þeim sem reynslumeiri eru. Á tónleikunum eru bæði spiluð frumsamin jólalög og þau sem allir kunna og geta sungið með.

Dansskóli Menningarfélags Húnaþings vestra - á sviði menningarmála

Menningarfélag Húnaþings vestra hlýtur viðurkenninguna fyrir Dansskóla Húnaþings vestra. Dansskólinn er einstakt menningarverkefni sem eykur aðgengi barna og unglinga á svæðinu að skapandi frístundi. Með fjölbreyttu námsframboði í dansi býður skólinn upp á metnaðarfulla listkennslu sem styður við sjálfstjáningu, félagslega þátttöku og þroska ungs fólks í samfélaginu.

Verkefnið hefur sterka faglega nálgun, þar sem reyndir danskennarar miðla þekkingu sinni og sköpunargleði til nemenda. Með þessu er lagður grunnur að öflugri menningarstarfsemi sem styður við bæði líkamlega og andlega heilsu þátttakenda, eykur sjálfstraust þeirra og gefur þeim tækifæri til að efla félagslega færni í jákvæðu og hvetjandi umhverfi.

Þetta verkefni er framúrskarandi vegna þess að það stuðlar að fjölbreytni í tólmstundaframboði á svæðinu, brýtur upp hefðbundnar greinar og opnar ný tækifæri fyrir skapandi iðkun.



Starfsdagur SSNV og SSV

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi heimsóttu SSNV í maí síðastliðnum. Samtökin áttu góða og gagnlega daga þar sem ræktuð voru tengsl og rætt saman um verkefni og áskoranir landshlutasamtaka. Fyrri deginum var varið í Skagafirði þar sem m.a. Byggðastofnun var heimsótt. Þar var samstarfið rætt ásamt því að fara yfir starfsemi stofnunarinnar. Amber frá Ísponica og Vala frá Kaffikorg kynntu þá starfsemi sína í nýju húsnæði Ísponica á Hofsósi. Daginn eftir keyrði hópurinn yfir í Húnavatnssýslur, á Blönduósi fékk hópurinn kynningu á uppbyggingu gamla bæjarins þar. Glæsilegt verkefni og verður gaman að fylgjast með áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu um komandi ár. Þar á eftir var farið á Hvammstanga þar sem haldin var vinnustofa. Þar voru rædd nokkur verkefni beggja landshlutasamtaka og rætt um gerð nýrrar sóknaráætlunar.

Það er alltaf gott að hitta kollega frá öðrum landshlutasamtökum, bera saman bækur og eiga samtalið um það hvernig hægt sé að styrkja sambandið á milli landshlutasamtaka enn betur.



Hópurinn samankominn á Blönduósi.

Sumarfundur Ríkisstjórnar á Norðurlandi vestra

Ríkisstjórn Íslands fundaði með SSNV ásamt sveitarfélögum á Norðurlandi vestra síðasta sumar. Rætt var um stöðu og þróun samfélagsins. Samgöngumál, fjárfestingartækifæri á svæðinu og opinber störf á landsbyggðinni voru í brennidepli, en ríkisstjórnin hefur samþykkt að forgangsraða fjármunum til þess að fjölga óstaðbundnum opinberum störfum á landsbyggðinni sem og efla vinnustaðaklasa. Sömuleiðis voru orkumál og orkuöryggi til umræðu en unnið er að undirbúningi nokkurra fjölda virkjunarkosta.

„Norðvesturland er lifandi svæði í mikilli sókn. Sameiningar sveitarfélaga hafa gengið vel og við viljum halda áfram að vinna með þeim í að sækja fram. Mikil tækifæri felast í bættum raforkuflutningi og aukinni ferðaþjónustu á svæðinu, svo fátt eitt sé nefnt.“ sagði Bjarni Benediktsson á vefsíðu Stjórnarráðsins.

Sumarfundur ríkisstjórnarinnar var haldinn í Skagafirði þar sem efnahagsmál voru megin umræðuefnið. Farið var yfir þróun efnahagsmála í tíð ríkisstjórnarinnar og rætt um bæði stöðu og horfur í samhengi við stefnu ríkisstjórnar í efnahags- og ríkisfjármálum.

Ríkisstjórnin hefur frá árinu 2018 haldið sumarfund utan Reykjavíkur en áður hafa fundir verið í Snæfellsbæ, við Mývatn, á Hellu, í Grindavík, á Ísafirði og á Egilsstöðum.



Að koma Norðurlandi vestra og SSNV á kortið

Eins og fyrri ár var lögð áhersla á að auka sýnileika landshlutans og miðla upplýsingum úr starfi samtakanna. Heimasíða og samfélagsmiðlar hafa verið nýttir til þess og svæðismiðlarnir hafa verið ötulir í að koma upplýsingum á framfæri. Í auknum mæli hafa fréttir af starfi samtakanna ratað í landsmiðlana og þannig vakið athygli á landshlutanum í heild. Fjölmiðlar leita gjarnan til samtakanna þegar þá vantar viðmælendur um hin ýmsu mál og hefur þá verið bent á aðila sem málið varðar.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Heimasíða samtakanna er jafnframt mikilvægur liður í miðlun upplýsinga innan svæðis sem utan. Á árinu 2024 voru samtals birtar 185 fréttir á heimasíðu samtakanna, samanborið við 100 fréttir árið áður. Þeim var jafnframt deilt á samfélagsmiðlum, aðallega á Facebook en einnig á Instagram. Einhverjar fréttir eru aðeins birtar á samfélagsmiðlum og jafnframt hafa Instagram- og Facebook sögur verið notaðar fyrir miðlun upplýsinga af daglegu starfi samtakanna.

Fylgjendum á Facebook fjölgaði úr 1.870 í upphafi árs 2024 í 2.127 í lok árs. Fylgjendur á Instagram voru í lok árs 2024 um 556.

Ráðstefnur og viðburðir

En fyrst aðeins um myrkrið - frá Stjórn Sævari

Í tengslum við Evrópuverkefnið GLOW fengum við Sævar Helga Bragason vísindamiðlara til að vera með erindi um myrkurgæði í aðdraganda Lightup á Skagaströnd í janúar.

Kynningarfundur um gerð loftslagsstefnu sveitarfélaga og mikilvægi þeirra

Kynningarfundur um gerð loftslagsstefnu sveitarfélaga var haldinn í mars og var upphafsfundur þar sem verkefnið um gerð loftslagsstefnu fyrir sveitarfélög á Norðurlandi vestra var kynnt. Á fundinum tóku þátt stjórnendur sveitarfélaga, sveitastjórnarfulltrúar, starfsfólk sveitarfélaga og leiðtogar fyrirtækja sem höfðu áhuga á málefninu. Ráðgjafar úr sjálfbærniteymi KPMG kynntu verkefnið og þau tækifæri sem sveitarfélögin í landshlutanum hafa til að taka þátt í vinnustofum og fá aðstoð við móttun loftslagsstefnu. Viðburðurinn vakti góða athygli og lagði grunn að frekara samstarfi í málaflokknum.

Myrkur og ferðapjónusta - Vinnustofa

SSNV stóð fyrir þremur vinnustofum um hugtök og markhópa myrkurferðapjónustu þar sem þátttakendur tóku saman á hugarflug og ræddu tækni sem getur nýst í myrkurferðapjónustu. Kjartan Bollason, lektor við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum, kynnti niðurstöður Erasmus+ verkefnisins um myrkurgæði. Í erindi sínu fjallaði hann um hagnýtar niðurstöður verkefnisins og sýndi dæmi um hvernig hægt er að nýta myrkrið til að þróa nýjar og endurbæta núverandi ferðapjónustuvörur. Að kynningu lokinni fór fram stutt vinnustofa þar sem þátttakendur greindu möguleika til að auka ferðapjónustuframboð sem tengist myrkrinu, sérstaklega með það í huga að nýta þá möguleika yfir lágannatímamann.

Rafrænn kynningarfundur – Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra

Rafrænn kynningarfundur um Uppbyggingarsjóð Norðurlands vestra var haldinn á Teams mánudaginn 7. október.

Á fundinum var farið yfir áherslur á matsblaði sem umsóknir eru metnar út frá og hvað góð umsókn þurfi að innihalda svo að hún komist áfram í frekara stigamat. Sömuleiðis var farið yfir hvernig góð umsókn fær hátt skor í stigamati því umsóknir Uppbyggingarsjóðsins eru teknar til afgreiðslu eftir stigamati; sú umsókn sem fær hæsta stigamatið er tekin til afgreiðslu fyrst.

Beint frá býli dagurinn

Beint frá býli dagurinn var haldinn á sjö stöðum á landinu öllu sunnudaginn 18. ágúst 2024.

Á Norðurlandi vestra var viðburðurinn haldinn í Ketilási í Skagafirði af Stefaníu Hjördísi og Jóhannesi Helga, bændum á Brúnastöðum. SSNV voru styrktar- og samstarfsaðilar.

Hátíðin gekk mjög vel og reiknað er með að um 500 manns hafi komið á svæðið, fengið afmælisköku og kaffi í boði Beint frá býli og kynnt sér hvað framleiðendur á Norðurlandi vestra hafa upp á að bjóða.

Vinnustofa um gerð loftlagsstefnu sveitarfélaga

SSNV stóð fyrir vinnustofu um gerð loftlagsstefnu sveitarfélaga í samtarfi við KPMG. Vinnustofan var haldin í félagsheimilinu á Hvammstanga og var hún sérstaklega hugsuð fyrir Húnavatnssýslur. Góð þátttaka var á vinnustofunni og áhugaverðar umræður sköpuðust. Bjart var yfir fólki á fallegum vordegi, enda bjart framundan á okkar svæði.

Frásagnartækni og þjónustuhönnun

Í maí 2024 stóð Evrópuverkefnið GLOW, styrkt af Norðurslóðaáætlun, fyrir tveimur vinnustofum sem miðuðu að því að efla færni þátttakenda í frásagnartækni og þjónustuhönnun.

Fyrri vinnustofan, "Frásagnartækni", var haldin í maí 2024. Auður Ösp Ólafsdóttir, sérfræðingur í efnismarkaðssetningu og frásagnalist í ferðaþjónustu, leiddi vinnustofuna. Þátttakendur fengu innsýn í hvernig nota má frásagnartækni til að tengjast viðskiptavinum og þróðu eigin frásagnir í gegnum hagnýta vinnu.

Seinni vinnustofan, "Þjónustuhönnun", fór einnig fram í maí 2024. María Hjálmarsdóttir, sprettráðgjafi með sérþekkingu á hönnunarhugsun og stefnumótun, fjallaði um hvernig þjónustuhönnun getur bætt og þróað þjónustuupplifun fyrir notendur. Þátttakendur fengu dýrmæta innsýn í hvernig þessi aðferðafræði getur nýst í þeirra starfi.

Báðar vinnustofurnar fóru fram á TEAMS og voru vel sóttar af frumkvöðlum, markaðsfólki og öðrum áhugasömum aðilum sem vildu efla hæfni sína á þessum sviðum.

TechBbq

Fulltrúar SSNV sóttu nýsköpunarráðstefnuna TechBBO 2024, sem fram fór í Kaupmannahöfn í september. TechBBO er nýsköpunar- og tækniráðstefna þar sem saman koma frumkvöðlar, fjárfestar, stofnendur og aðrir hagsmunaaðilar úr heimi nýsköpunar og tækni.

Á ráðstefnunni var áhersla lögð á að efla tengslanet, deila þekkingu og skoða nýjustu strauma og stefnur í nýsköpun og tæknistjórnun. Fulltrúar SSNV nýttu tækifærið til að hitta fulltrúa annarra norrænna svæða og ræða möguleika á samstarfi, fjárfestingum og þróun nýrra verkefna.

Startup Stormur

Sjö nýsköpunarteymi á Norðurlandi luku viðskiptahraðlinum Startup Storm, sem Norðanátt, hreyfiafl nýsköpunar á Norðurlandi, stóð fyrir. Hraðallinn, sem stóð yfir í sjö vikur frá 3. október, veitti þátttakendum fræðslu, vinnustofur og tengingar við reynslumikla aðila úr atvinnulífinu í gegnum mentorafundi.

Lokaviðburðurinn fór fram með pompi og prakt fimmtudaginn 14. nóvember í Hofi á Akureyri. Þar kynntu nýsköpunarteymin verkefni sín fyrir gestum, og dagskráin var fjölbreytt. Vilhjálmur Bragason stýrði kvöldinu og skemmti gestum, auk þess sem Albertína og Katrín, framkvæmdastjórar SSNE og SSNV, fluttu erindi um Sóknaráætlun og mikilvægi nýsköpunar og frumkvöðlastarfs. Viðburðurinn var vel sóttur og endaði með jákvæðri stemningu þar sem þátttakendur fögnuðu árangri sínum.

Ungmennaping

Ungmennaping SSNV fór fram með góðum árangri og var markmið þess að gefa ungu fólki á Norðurlandi vestra tækifæri til að hafa áhrif á stefnumál landshlutans og koma sínum hugmyndum á framfæri. Yfirskrift þingsins árið 2024 var „Okkar framtíð á Norðurlandi vestra“, og afurð vinnustofunnar var nýtt við gerð nýrrar sóknaráætlunar.

Ungmennin sýndu mikinn áhuga og dugnað í vinnunni og stóðu sig með prýði sem fulltrúar síns svæðis. Auk þess skapaðist dýrmæt tengslamyndun milli unga fólksins og SSNV, sem er mikilvæg fyrir áframhaldandi samráð og samvinnu. Viðburðurinn tókst afar vel og var mikil jákvæðni og framtíðarsýn í umræðunum

Framtíðarskrefin - Hugmyndasmiðja ferðaþjónustunnar á Norðurlandi vestra

Framtíðarskrefin var viðburður sem var haldinn sem hluti af áframhaldandi stefnumótunarvinnu fyrir ferðaþjónustuna á Norðurlandi vestra. Á smiðjunni, sem leidd var af Hirti Smárasyni hjá Saltworks, var unnið með næstu skref í þróun ferðaþjónustunnar í landshlutanum. Stefnumótunarskýrslan, sem kom út árið áður, hafði fengið góðar viðtökur, en smiðjan markaði upphaf ákveðinnar vegferðar sem mun halda áfram næstu mánuði og inn á haustið. Þátttakendur fengu tækifæri til að taka þátt í umræðum og móta framtíðarsýn fyrir ferðaþjónustuna í landshlutanum.

Opnar vinnustofur við gerð nýrrar Sóknaráætlunar

SSNV hélt þrjár opnar vinnustofur fyrir íbúa Norðurlands vestra þar sem unnið var að mótun nýrrar sóknaráætlunar fyrir árin 2025-2029. Markmið vinnustofanna var að gefa íbúum tækifæri til að koma sínum hugmyndum og skoðunum á framfæri og þannig hafa áhrif á framtíðarstefnu landshlutans.

Á vinnustofunum var unnið með fjórar stefnuáherslur:

- Samstaða, jákvæðni og bjartsýni – þar sem áhersla var lögð á drifkraft íbúa og áhrif þeirra á samfélagið.
- Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf – með það að markmiði að efla öflugt atvinnulíf og styðja við lífsgæði á svæðinu.
- Góður staður til að búa á – þar sem rædd voru mál tengd menningarlífi og fjölskylduvænu samfélagi.
- Landshluti í sjálfbærri uppbyggingu – með áherslu á leiðandi samfélag í umhverfismálum.

Vinnustofurnar voru vel sóttar, og voru afurðir þeirra nýttar við gerð nýrrar sóknaráætlunar fyrir Norðurland vestra.

Tonik

Norðanáttar teymið fór til Færeyja á árinu til að sækja nýsköpunarhátíðina Tonik, sem var haldin í Þórshöfn í annað sinn. Hátíðin, sem sótt var af um 700 gestum, bauð upp á fjölbreytta og fræðandi dagskrá með pallborðsumræðum, innblásturserindum, vinnustofum og fjárfestakynningum.

Viðburðir hátíðarinnar reyndust teyminu bæði gagnlegir og fræðandi, og var augljóst að mikil hreyfing og gróska er í nýsköpunarsenuinni í Færeyjum. Ferðin skapaði tækifæri til tengslamyndunar og þekkingarmiðlunar, sem getur nýst í áframhaldandi nýsköpunarstarfi á Norðurlandi vestra.

Fjárfestingastefna MIPIM í Cannes

Fulltrúi SSNV sótti eina stærstu fjárfestingaráðstefnu heims, MIPIM, sem haldin var í Cannes í Frakklandi. Hann var hluti af hópi Íslandsstofu, þar sem áhersla var lögð á grænar lausnir og sjálfbærni.

Á ráðstefnunni kynnti Magnús Barðdal fjárfestingartækifæri og þjónustu á Norðurlandi vestra fyrir fjárfestum, auk þess sem hann vann að tengslamyndun og aflaði sér þekkingar sem gæti nýst til að laða að fjárfestingar og fjölga atvinnuskapandi verkefnum í landshlutanum. Viðburðurinn reyndist mikilvægur vettvangur til að vekja athygli á Norðurlandi vestra sem spennandi svæði fyrir framtíðarfjárfestingar.

Kynningarfundur Target Circular - sjálfbærniaðgerðir og auðveldari ákvarðanatöku

SSNV hélt kynningarviðburð á Sauðárkróki í október, þar sem ráðgjafar, frumkvöðlar og fyrirtæki fengu innsýn í alþjóðlega verkefnið Target Circular. Markmið verkefnisins er að styðja lítil og meðalstór fyrirtæki við að innleiða áhrifaríkar sjálfbærniaðgerðir og nýta vísindalega nálgun í ákvarðanatöku.

Á viðburðinum var kynnt hvernig SSSNV hefur unnið með frumkvöðlum á Norðurlandi vestra að prófun þessarar aðferðar og ræddir voru möguleikar fyrir ráðgjafa til að taka þátt í áframhaldandi þróun verkefnisins. Verkefnið er samstarf milli aðila frá Írlandi, Finnlandi, Noregi, Íslandi og Svíþjóð og byggir á nýlegum rannsóknum. Viðburðurinn vakti mikla athygli og var vel sóttur af áhugasömum aðilum sem vilja stuðla að sjálfbærari rekstri.

Íslenski hesturinn er hér! - Framtíðarskrefin vinnustofa

Vinnustofan Íslenski hesturinn er hér! - Framtíðarskrefin var haldin sem hluti af framhaldi Hugmyndasmiðju ferðapjónustunnar á Norðurlandi vestra. Vinnustofustjórar voru Hjörtur Smárason og Inga Rós Antoníusdóttir, sem leiddu þátttakendur í gegnum skapandi vinnu við að þróa og aðlaga tillögur úr fyrri hugmyndasmiðjum að sinni starfsemi.

Á vinnustofunni var unnið með hvernig hægt væri að nýta og móta þessar hugmyndir þannig að þær gætu skapað aukin tækifæri fyrir ferðapjónustuna á svæðinu. Þátttakendur fengu tækifæri til að prófa hugmyndir sínar, fá endurgjöf og ræða næstu skref í átt að innleiðingu. Viðburðurinn var vel sóttur og þátttakendur sýndu mikinn áhuga á því að nýta niðurstöðurnar til að efla ferðapjónustu á Norðurlandi vestra.

Samantekt: samstarfstækifæri - Framtíðarskrefin vinnustofa

Vinnustofan Samantekt: samstarfstækifæri – Framtíðarskrefin var haldin sem hluti af framhaldi Hugmyndasmiðju ferðapjónustunnar á Norðurlandi vestra. Hjörtur Smárason og Inga Rós Antoníusdóttir leiddu vinnustofuna, þar sem þátttakendur fengu tækifæri til að vinna með og þróa þær hugmyndir sem fram höfðu komið í fyrri smiðjum.

Áhersla var lögð á að greina samstarfstækifæri og aðlaga tillögur að raunverulegri starfsemi þátttakenda. Rætt var hvernig hægt væri að koma þeim til framkvæmda og styðja við þróun ferðapjónustu í landshlutanum. Vinnustofan var vel sótt, og þátttakendur lögðu sitt af mörkum með virkum umræðum og skapandi nálgun við mótun framtíðarskrefa.